

Ársskýrsla Menntaskóla Borgarfjarðar - árið 2010

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er farið yfir almanaksárið 2010. Tölulegar upplýsingar skoðaðar og fjallað m.a. um helstu þætti skólastarfsins s.s. námið, námsmat, innra mat, þróunarstarf, erlend og innlend samskipti og ýmsar uppákomur.

Skólastarfið gekk vel á árinu 2010 eins og áður. Mikið starf lagt í námskrárvinnu í tengslum við innleiðingu framhaldsskólalaga, endurskoðun námsbrauta, samstarf bæði innanlands og utan ásamt áframhaldandi þróun á námsmati og kennsluháttum.

2. Hlutverk Menntaskóla Borgarfjarðar

- Menntaskóli Borgarfjarðar skal vera framsækinn skóli á sviði uppeldis- og kennslufræði. Markmið skólans er að tryggja ungu fólki öflugna menntun þar sem reynt er að koma til móts við þarfir einstaklinga með því að hagnýta bestu kennsluaðferðirnar sem tiltækar eru hverju sinni. Lögð er áhersla á að nýta upplýsingatækni í námi og kennslu þar sem við á.
- Í Menntaskóla Borgarfjarðar er megin áherslan lögð á sjálfstæði og vellíðan nemenda. Stjórnendur og kennarar leggja metnað í að fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldismála og í notkun upplýsingatækni í kennslu.
- Áhersla er lögð á að skapa starfsfólki og nemendum gott starfsumhverfi, þar sem heilbrigði og háttvísi skipar stóran sess.
- Sjálfstæði, öguð vinnubrögð og festa er lykillinn að farsælu skólastarfi. Hlutverk skólans er að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í lýðræðissamfélagi, auka þekkingu þeirra og sjálfstraust og skapa þeim góð uppeldisskilyrði. Lögð er áhersla á verkefnamiðað nám og vegur því þátttaka og ábyrgð nemenda þungt í skólastarfinu.

2.1 Leiðarljós

Í Menntaskóla Borgarfjarðar eru einstaklingar með ólíkar þarfir. Því er reynt að koma til móts við þær með fjölbreytni í verkefnavinnu og kennsluháttum. Leiðarljós MB eru **sjálfstæði - færni - framfarir**.

2.2 Sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar

Rík áhersla er lögð á að MB fari óhefðbundnar leiðir í námi og kennslu. Það er mun hægara um vik að skapa nýjar hefðir í nýjum skóla í stað þess að breyta starfsháttum og hefðum í rótgrónum skóla. Þetta tækifæri nýttu stjórnendur MB sér til fullnustu. Í stuttu máli má segja að sérstaða Menntaskóla Borgarfjarðar sé eftirfarandi:

- að jafnaði ljúka nemendur stúdentsprófi á þremur árum
- skólaárið er 184 starfsdagar nemenda í stað 175 í hefðbundnum skólum

- formleg annarpróf í desember og maí eru ekki til staðar
- leiðsagnarmat er viðhaft í öllum áföngum
- nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (Vörður)
- þrískipting kennslustunda í fagtíma, vinnutíma og leiðsagnartíma
- allir nemendur og kennarar eru með fartölvur og tengdir Netinu í skólanum
- skólinn notast við opinn hugbúnað í námi og kennslu
- samvinna við grunnskólana í Borgarbyggð er mikil
- samkvæmisdans er skylda á öllum brautum
- félagsaðstaða nemenda er einnig ungmennahús Borgarbyggðar

3. Tölulegar upplýsingar

Vorönn 2010

Kennsla á vorönn hófst 13. janúar. Á önninni voru 155 nemendur skráðir í skólann - 62 drengir og 93 stúlkur. Skipting nemenda eftir brautum var eftirfarandi: Almenn braut 19, Félagsfræðabraut 76, Náttúrufræðibraut 47, Starfsbraut 6 og Samræmd braut 7 nemendur. Brottfall á önninni var tæplega 5%.

Skólinn brautskráir nemendur formlega einu sinni á ári. Brautskráning á vorönn fór fram 5. júní. Þá voru brautskráðir 22 nemendur (12 nemendur af náttúrufræðibraut og 10 nemendur af félagsfræðabraut). Í fyrsta sinn voru brautskráðir nemendur eftir 3ja ára nám hjá okkur eftir lok grunnskóla.

Haustönn 2010

Skólastarf á haustönn hófst með stundatöfluafhendingu 20. ágúst. Kennsla hófst svo 23. ágúst. Nýnemar voru boðaðir sérstaklega þann 20. ágúst þar sem farið var yfir ýmis atriði er varða skólastarfið. Á önninni voru 158 nemendur skráðir í skólann - 76 drengir og 82 stúlkur. Skipting nemenda eftir brautum var eftirfarandi: Almenn braut 22, Félagsfræðabraut 77, Náttúrufræðibraut 50, Starfsbraut 6 og Samræmd braut 2 nemendur. Brottfall á önninni var 4,7%.

Ársmendur árið 2010 voru 160. Um 98% nemenda skólans eiga lögheimili í Borgarbyggð, lögheimili annarra dreifast á hinar ýmsu byggðir landsins.

Eins og fram kemur hér að ofan var brottfall á árinu undir 5%. Þetta er lágt hlutfall miðað við það sem almennt gengur og gerist í framhaldsskólum landsins. Ástæða þessa litla brottfalls eru þær áherslur sem skólinn hefur sett sér í námsmati. Einnig er unnið markvisst í því að hvetja nemendur til að halda áfram námi og veita þeim persónulegan stuðning og ráðgjöf.

3.1 Starfsfólk

Við skólann starfa 14 kennarar, 2 stjórnendur, 1 fjármálastjóri, 3 fagstjórar (sem jafnframt eru kennarar), 1 umsjónarmaður starfsbrautar (kennari líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður (kennari líka), 2 stuðningsfulltrúar og matráður. Heildarfjöldi starfsmanna er 23. Mjög litlar breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum frá því að skólinn hóf göngu sína haustið 2007 fyrir utan að starfsmönnum hefur fjölgað úr 14 í 23.

4. Innra mat - sjálfsmat

Í MB hefur aðstoðarskólameistari, Lilja S. Ólafsdóttir, séð um sjálfsmatið frá stofnun skólans eða árinu 2007. Á haustmánuðum varð sú breyting að settur var á laggirnar sjálfsmatshópur undir stjórn aðstoðarskólameistara, auk hans eru Agnes Hansen, fagstjóri tungumála og Stefanía Nindel, fjármálastjóri skólans í hópnum.

Sjálfsmat skólans hefur aðallega falist í mati á kennslu, ígrundun kennara, ýmsum viðhorfa-könnunum og námsmats rýnihópum. Frá og með hausti 2010 var tekin upp heilstæð stefna í sjálfsmati skólans með tilkomu Gæðagreina (How good is your school) og unnið að umbótaáætlun til næstu ára.

Nánari upplýsingar um sjálfsmatið er að finna á vef skólans; www.menntaborg.is

5. Námsmat

Námsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar er fyrst og fremst leiðsagnarmat en formleg lokapróf í lok anna eru ekki haldin. Vinna nemenda er metin jafnóðum allan námstímann. Endurgjöf fer fram á fimm vikna fresti á svokölluðum Vörðum en lokaeinkunn áfanga birt í lok hvefarr annar. Á Vörðum er notast við þriggja stiga skala; **mjög gott - í lagi - ófullnægjandi**, ásamt skriflegum ábendingum frá viðkomandi kennara. Megintilgangur leiðsagnarmats er að gera nemendur meðvitaða um það sem þeir læra, hvernig þeir læra og til hvers er ætlast til af þeim. Á vorönn var gefinn út sérstakur bæklingur um námsmat skólans sem ætlaður er fyrir nemendur, kennara og foreldra/forráðamenn. Í ljósi niðurstaðna kennslumats haustannar er ætlunin að skoða enn betur framkvæmd námsmats við skólann.

6. Námskrárvinna

Frá upphafi hefur Menntaskóli Borgarfjarðar unnið í anda nýrra framhaldsskólalaga. Námsbrautir skólans og einingafjöldi hefur tekið mið af þeim. Brautirnar hafa verið í sífelldri endurskoðun og ætlunin var að fá viðurkenningu á endurbættum brautum í ársbyrjun 2011 og hefja kennslu eftir nýju fyrirkomulagi haustið 2011. Árið 2010 var frestur til að taka upp nýja námskrá færður til haustsins 2015. Umræður fóru þá af stað innan skólans um hvort rétt væri að halda áfram. Sú ákvörðun var tekin að það væri mikilvægt að halda áfram því góða starfi sem unnið hefði verið í námskrármálum og ef allt gengur eftir mun vinnunni að mestu leyti verða lokið á árinu 2011.

7. Þróunarverkefni

Skólinn hefur unnið að margvíslegum þróunarverkefnum á árinu. Þau helstu eru:

Mobile Learning sem er samstarfsverkefni MB, FSN og Símans. Markmið verkefnisins er að kanna hvort skynsamlegt gæti verið að nýta farsíma í námi og kennslu. Verkefninu lýkur vorið 2011.

Innleiðing nýrra framhaldsskólalaga í samstarfi við FSN og framhaldsskólans að Laugum. Stjórnendur skólanna þriggja hittust á skipulagsfundi í febrúar og starfsfólk hittist síðan á sameiginlegum fundi í apríl. Á haustönn drógu Laugar sig út úr samstarfinu og var því ákveðið að hver skóli ynni að innleiðingunni út frá sinni sérstöðu.

Notkun opins hugbúnaðar; allt frá upphafi skólastarfsins hefur skólinn notað eins og kostur er opinn hugbúnað í námi og kennslu. Hefur sú tilhögun gengið vonum framár og engir hnökrar eru á þeirri notkun. Mun skólinn halda áfram þeirri þróun og notkun.

Borgarfjarðarbrúin er samstarfsverkefni á milli MB, grunnskóla Borgarbyggðar, Laugargerðisskóla og Menntamálaráðuneytis. Meginmarkmið með verkefninu var að skapa samfellu milli grunn- og framhaldsskóla, auka sveigjanleika milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda. Meginmarkmiðin voru brotin upp í sex undirmarkmið en þau voru:

- ✓ Skapa samfellu á milli grunn- og framhaldsskóla, auka sveigjanleika milli og innan skólastiga og að mæta breytilegum þörfum ólíkra nemenda.
- ✓ Endurskoða og aðlaga skólanámskrár grunnskólanna að nýrri aðalnámskrá.

- ✓ Auka fjölbreytni og sveigjanleika í kennsluháttum og námsmati, meðal annars með því að þróa flæðináms í námi og kennslu í grunnskóla.
- ✓ Tryggja eðlilega framvindu í námi nemenda frá upphafi grunnskóla til loka framhaldsskóla.
- ✓ Styrkja sjálfsmýnd nemenda og gefa þeim aukin tækifæri til ábyrgðar á eigin námi og námshraða.
- ✓ Efla faglegt starf milli skóla og skólastiga á sviði kennslu og ráðgjafar.

Verkefnið hófst vorið 2007 og var skilgreint til þriggja ára. Því var skipt í þrjú áfanga. Fyrsti áfangi sem hófst á vordögum 2007 var innleiðing á verkefninu; verkefnið kynnt fyrir þátttakendum og viðbrögð fengin við því. Annar áfangi var eitt skólaár (2007-08) og var þá unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár, hver skóli fékk svigrúm til að fara sína leið til að halda sérstöðu sinni og áherslum. Gert var ráð fyrir að þriðji áfangi standi í tvö skólaár og á þeim tíma var unnið að þróun og samþættingu nýrra kennsluhátta og námsmats í grunnskólunum og menntaskólans. Verkefninu lauk formlega á árinu 2010.

Skólar á grænni grein - grænfáninn er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja umhverfisstefnu í skólum. Í september 2010 varð MB "*skóli á grænni grein*" og er nú að stíga "*skrefin sjö*" til þess að ná alþjóðlegri viðurkenningu Grænfánans.

8. Erlend samskipti

Menntaskóla Borgarfjarðar er aðili að evrópsku Comeniusarverkefni ásamt Calmare Internationale skola (CIF) í Kalmar í Svíþjóð og Kvennaskóla Reykjavíkur. Í tengslum við þetta verkefni fóru tveir kennarar með 20 nemendur skólans til Kalmar og dvöldu þar í eina viku. Þar unnu nemendur MB ásamt nemendum CIF að greiningu á náttúruauðlindum á svæðinu, nýtingu þeirra og markaðssetningu. Í maí komu svo álíka margir nemendur frá Kalmar til MB, dvöldu í viku og unnu svipaðar kannanir á Íslandi. Nemendur skólanna gerðu síðan samanburð á milli landanna.

Einnig er MB aðili að öðru Comeniusarverkefni. Verkefnið er unnið með skólum frá Hollandi, Þýskalandi, Portúgal og Tyrklandi. Verkefnið snýst um að skoða fólksflutninga, fjölmenningu, píligríma og verslun. Fundað var í Izmir í Tyrklandi í október 2010 og fyrstu nemendaheimsóknir verða í maí 2011, en þá koma alls 32 kennarar og nemendur í Borgarfjörð.

9. Foreldrafélag MB

Á aðalfundi Foreldrafélags MB var stjórnin endurkjörin. Formaður er Áslaug Þorvaldsdóttir með henni í stjórn eru Guðrún Ólafsdóttir og Jakob Guðmundsson.

10. Stjórn MB og skólanefnd

Stjórn: Fimm fulltrúar eru í stjórn skólans sem situr í umboði eigenda og ber faglega og rekstrarlega ábyrgð. Stjórn ræður skólameistara og tekur þátt í ráðningu aðstoðarskólameistara. Skipt var um stjórn um mitt ár 2010. Fyrri hluta árs sátu í stjórn MB: Torfi Jóhannesson, formaður, Bernhard Bernhardsson, varaformaður, Guðrún Kristjánsdóttir, ritari, Bergur Þorgeirsson og Sóley Sigurþórsdóttir. Síðari hluta ársins sátu í stjórn MB: Vífill Karlsson, formaður, Bernhard Bernhardsson, varaformaður, Guðrún Kristjánsdóttir, ritari, Bergur Þorgeirsson og Hanna Þorgrímsdóttir.

Skólanefnd: Stjórn skólans gegnir einnig hlutverki skólanefndar, sbr. 5. gr. laga nr. 92/2008 en að auki sitja þar fulltrúar starfsfólks, foreldra og nemenda.

Fundir stjórnar voru haldnir sex sinnum á ári en skólanefndarfundir eru að jafnaði tvisvar á ári en oftast ef þurfa þykir. Nánar um stjórn má finna á vef skólans; www.menntaborg.is

11. Rekstur og fjármál

Rekstrartekjur ársins námu 175 m.kr., þar af var rekstrarframlagið frá ríkinu 162 m.kr..

Rekstrargjöld voru samtals 174 m.kr.. Stærsti útgjaldaliður voru laun og launatengd gjöld, þau námu 107 m.kr. eða 61% af heildarútgjöldum. Næststærsti útgjaldaliður er rekstur húsnæðis, en 45 m.kr. fóru í hann eða 26% af heildarútgjöldum. Stór útgjaldaliður er líka rekstur tölva og símakostnaður, enda á skólinn og rekur tölva fyrir flesta nemendur skólans.

Rekstrarniðurstaða ársins var neikvæð um 1,8 m.kr. að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða.

Villa var í rekstrarlíkani Menntamálaráðuneytis sem leiddi til þess að 4,9 m.kr. vantaði upp á í fjárlögum til skólans. Húsaleiga var þó gjaldfærð samkvæmt samningi við leigusala og því ljóst að árið hefði endað með 3,2 m.kr. í hagnað ef þessi villa hefði ekki átt sér stað.

Fastafjármunir samanstanda af einni bifreið og talsverðum fjölda tölva, verðmæti þeirra nam samtals 15,6 m.kr. í árslok 2010. Skammtímaskuldir námu 355 þús kr og handbært fé var 40,6 m.kr.

Langtímaskuldir eru engar en skammtímaskuldir námu 39,4 m.kr.. Eigið fé í árslok nam 17,1 m.kr.

12. Fylgiskjöl

- Borgarfjarðarbrúin - Menntaskóli Borgarfjarðar 2010.
- Námsmatsbæklingur mars 2010.
- Annáll skólaársins 2009 - 2010.
- Ársreikningur (óendurskoðaður) fyrir árið 2010.

Borgarnesi, 18. mars 2011

Lilja S. Ólafsdóttir, skólameistari